



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 22

Ágúst 1988

HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð í Jökulheima verður farin helgina 9.-11. september 1988. Lagt verður af stað á föstudagskvöldi klukkan 20:00 frá Guðmundi Jónasyni H.F.

Þátttaka tilkynnist til Ástvaldar Guðmundssonar s. 686312.

HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð félagsins í Jökulheima verður farin helgina 9. - 11. september. Lagt verður af stað kl 20:00 föstudagskvöldið 9. sept. frá Guðmundi Jónassyni HF við Borgartún og komið aftur í bæinn á sunnudagskvöldi.

Undanfarin ár hafa jarðfræðingarnir Elsa Vilmundardóttir, Ingibjörg Kaldal og Snorri P. Snorrason o.fl. verið við jarðfræðikortlagningu í nágrenni Jökulheima og hefur þegar verið gefið út a.m.k. eitt jarðfræðikort af nágrenninu í mælikvarðanum 1:50.000. Einhver jarðfræðinganna mun vera í Jökulheimum helgina 9 - 11. september og skýra frá jarðfræði svæðisins og sýna jarðfræðileg fyrirbæri á þessum slóðum.

AF NEFNDUM

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá skipan stjórnar og nefnda. Þá hafði ekki verið gengið frá skipan skála- og birgðanefndar, ritnefndar og bílanefndar. Þessar nefndir eru þannig skipaðar:

Ritnefnd: Tómas Jóhannesson ritstjóri, af hálfu JÖRFI eru Helgi Björnsson og Stefán Bjarnason í nefndinni, en Kristján Sæmundsson og Karl Grönvold af hálfu Jarðfræðifélagsins.
Skála- og birgðanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal og Pétur Þorleifsson.
Bílanefnd: Björn Indriðason formaður, Bárður Harðarson, Eiríkur Gunnarsson, Engilhart Björnsson, Guðmundur Marísson, Gunnar Guð-

mundsson, Magnús Eyjólfsson og Ólafur Nielsen.

ÁRSHÁTIÐ

Árshátið félagsins verður haldin laugardaginn 5. nóvember 1988 í veitingahúsinu Norðurljós (við Þórskafti). Nánar auglýst síðar í fréttabréfi.

GJÖF TIL JÖRFI

Í vor afhenti Egill Kristbjörnsson félaginu að gjöf ýmis ferðaáhöld frá fyrri tíð, þar á meðal skíði, sleða, bakpoka, vaðgalla, mannbrodna, jöklatjald og 2 primusa. Er hér um að ræða hluti sem sóma sér vel á minjasafni félagsins. Það er von stjórnarinnar að hægt verði að koma þessum hlutum skemmtilega fyrir þegar félagið hefur leyst húsnæðismál sín í Reykjavík. Stjórnin vill sérstaklega þakka Agli þann hlýhug til félagsins sem fram kemur í þessari gjöf.

JÖKULL 1987

Nú er Jökull 37. árgangur kominn út og hefur verið sendur til þeirra félaga sem greitt höfðu árgjald 1987. Eftir að ritið var sent út kom í ljós galli á kápu þess. Í lokafrágangi í prentsmiðju láðist að prenta innan á kápuna ritstjórnarrammann og leiðbeiningar til höfunda greina. Prentsmiðjan mun endurprenta kápuna og skipta um kápur á þeim

heftum sem enn eru hjá félaginu. Félagar geta síðan skipt á heftum fyrir áramót. Hægt er að hafa samband við stjórnarmenn eða senda ritið í pósti í Pósthólf 5128, 125 Reykjavík. Þeir sem senda heftið í pósti eru beðnir að ganga vel frá því til að forðast skemdir, þar sem félagið ætlar einnig að láta lagfæra þau hefti sem inn koma í skiptum.

Stefnt er að því að halda haustfund í lok október. Þá gefst upplagt tækifæri til að skipta á gölluðum heftum.

VORFERÐIN 1988

Vorferðin á Vatnajökul var að þessu sinni 4. - 12. júní. Auk hefðbundinna vorverka á Grímsfjalli og í Vötnunum voru framkvæmdar ýmsar mælingar og borað eftir gufu á Eystri-Svíahnjúk til reksturs mælitækja og til upphitunar á skálum. Til borunarinnar lánuðu Jarðboranir H.F. Sullivan bor. Flutningar voru því miklir í þessari ferð og gekk á ýmsu. Með góðri aðstoðar Landsvirkjunar og Hjálparsveitar skáta í Reykjavík komst þó allur farangur á Grímsfjall. Fyrirhugað var að bora 4 allt að 100 m djúpar holu, en vegna hruns og ýmissa erfiðleika urðu holurnar ekki nema 30 - 40 m djúpar. Allar gáfu þær þó um 90 °C heita gufu og virðist gufumagnið nægja félaginu næstu árin. Hitaveita var tengd í nýja skálann og lofar hún góðu. Gissur Símonarson hafði með sér tjalddúk og plaströr og setti upp mikið og gott gufubað á Saltaranum sem óspart var notað.

Veður var fremur leiðinlegt framan af,

dumbungur í lofti, þoka og úrkoma. Rannsóknir í Vötnunum hófust því ekki fyrr en á þriðjudegi þegar þokan minnkaði. Á miðvikudeginun sást til sólar. Á fimmtudeginum var hið fegursta veður í Grímsvötnu og allt í kringum Grímsfjall, en á fjallinu sátu þeir sem þar unnu í þoku og strekkings vindi. Á föstudeginum var síðan hið fegursta veður, glampanði sól og léttskýjað. Aðfaranótt laugardagsins var lagt af stað niður og komu flestir til byggða á sunnudagskvöldi. Þátttakendur voru 33.

Í gestabók nýja skálans á Grímsfjalli sést að þangað hafa komið 124 manns í 18 leiðöngrum á þessu fyrsta ári skálans á fjallinu. Eru þá ekki meðtaldir vorleiðangrar JÖRFI.

Hér á eftir er yfirlit yfir þau rannsóknarstörf sem unnin voru:

1. Stafrænum skjálftamælum var komið fyrir þannig:
 Stöð 1 austast á Eystri-Svíahnjúk,
 stöð 2 vestast á Eystri Svíahnjúk,
 stöð 3 vestast á Saltara,
 stöð 4 á Vestari-Svíahnjúk. Þar var einnig komið fyrir sólmæli.
 Skjálftamælingar gengu mjög vel. Skráðust á mæla nokkrir lágtíðni-skjálftar og fjöldi annarra hreyfinga sem eru aðallega íshreyfingar og hreyfingar vegna umferðar og snjóflóða.
2. Boraðar voru tvær holur á miðri íshellunni og reyndist vetrarafkoman (snjódypt) vera 4.90 m í annarri en 5.04

m í hinni. Úr annarri holunni voru tekin sýni til efnagreininga. Til samanburðar voru tekin sýni á 100 m hæðarlínunum frá Eystri-Svíahnjúk og niður að jökulrönd. Úr hinnni holunni voru tekin sýni til samsætumælinga.

- 3 Fyllt var upp í eyður í íssjármælingum. Mældar voru 3 línur upp úr Vötnunum að vestanverðu og ein lína í suðurhliðum Grímsfjalls. Þessar slóðir hafa ekki verið mældar áður. Einnig var mæld lína milli Naggs og Gríðarhorns og önnur lína norður úr Vötnunum frá gosstöðvunum til samanburðar við mælingar fyrri ára.
4. Vatnshæðin í Grímsvötnum var mæld og reyndist hún vera 1428.7 m y.s. við borstaðinn á miðri íshellunni. Vatnshæðin í gígnum sem myndaðist 1983 var einnig mæld og reyndist hún vera 1401.5 m y.s. Við þessar mælingar var gengið út frá fastmerki SALT, en hæðin þar er 1712.8 m y.s. Að lokum var hæðarmælt snið á 10 km langri línu í stefnu 20 ° austan við norður frá borstaðnum á miðri íshellunni. Ekkert vatnsborð reyndist vera undir Vatnshamri.
5. Segulmælingar voru gerðar víða í Grímsvatnaöskjunni til þess að kanna gerð hennar. Einnig var mælt 12 km langt bylgjubrotssnið norður úr Vötnunum. Í því skyni voru sprengdar þrjár 25 kg dýnamít sprengjur í vökinni undir Vestari-Svíahnjúk. Uppstreymi af gufu var í sprungunni og vottaði fyrir brennisteinslykt.

FRÁ KVENFÉLAGI GRÍMSVATNAHREPPS

Eftirfarandi hefur borist frá Kvenfélagi Grímsvatnahrepps:



Kvenfélag Grímsvatnahrepps

19. júní 1988

Kvenfélag Grímsvatnahrepps vill koma á framfæri innilegu þakklæti til Hjálparsveitar skáta í Reykjavík, fyrir þann hug, sem þeir sýndu kvenfélaginu, þegar þeir þ. 5. júní s.l. færðu því að gjöf stóran og veglegan sjúkrakassa, sem staðsettur er í nýja skálanum á Grímsfjalli.

Að gefnu tilefni vill Kvenfélag Grímsvatnahrepps fara þess á leit við ferðalanga, er leið eiga inn að jökli og jafnvel lengra, að þeir hendi ekki rusli, s.s. dósum undan gosdrykkjum og öðru því um líku út í óspillta náttúruna, heldur taki þeir ruslið með sér til byggða. Landið okkar er allt of fallett til þess að gera það að ruslahaug.

Enn fremur viljum við vekja athygli á því að ekki er ætlast til þess að bílum sé lagt upp við skálana í Jökulheimum, heldur séu þeir geymdir niðri á Rauðatorgi. Að lokum óskum við öllum ánægjulegrar ferðar um þetta fallega svæði.